

Ársskýrsla Flensborgarskólans 2015



EfniSSkrá

1	Talnafræði skólans	3
2	Námsframboð	6
3	Markmið og staða mála	7
4	Meginsóknarfæri skv. sjálfsmatsskýrslu.....	7
5	Afkoma – rekstrarstaða – vinna með það.....	8
6	Brotthvarf og námsárangur.....	8
7	Stjórnun - teymi	9
8	Samvinna við aðrar stofnanir	9
9	Sérstakar áherslur og markmið skólans.....	10
10	Lokaorð	10
11	Viðaukar	13
11.1	Rekstraryfirlit	13
11.2	Skólaslitaræður ársins með yfirliti um starfið.....	13
11.2.1	Skólaslitaræða vor 2015 -- stytt	13
11.2.2	Skólaslitaræða haustönn 2015 – stytt.....	15

1 TALNAFRÆÐI SKÓLANS

Af bóknámsskóla að vera þá er Flensborgarskólinn ótrúlega flókin stofnun. Aðalnámsframboðið er nám til stúdentsprófs en að auki er starfandi starfsbraut, úrræði fyrir nemendur sem illa standa við lok grunnskóla og margháttuð þjónusta við nemendur sem koma með greiningar til skólans. Skólinn er enn leiðandi skóli í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.

Húsnæði skólans er óbreytt frá síðasta ári. Heildar hús skólans á Hamrinum eru 7.116 m² en að auki kaupir skólinn aðgang að íþróttahúsum bæjarins.

Á haustönn 2015 voru 83 starfsmenn við skólann, þar af var einn í launalausum leyfi, einn í námsleyfi og fimm í langtíma veikindaleyfi. 28% eru karlar en 72% konur.

Af þeim 83 voru 63 í KÍ og 19 í öðrum stéttarfélögum, auk skólameistara. Alls voru sex í hlutastarfi, þrjú kennarar og þrjú aðrir starfsmenn, aðrir voru í fullu starfi. Allir kennarar eru með leyfisbréf. Meðalaldur karla í kennslu er 51,3 ár en kvenna 49,4. Meðalaldur annara starfsmanna er 51 ár meðal kvenna en 46,5 ár hjá körlum. Sem segir ekki margt því þeir eru tveir, annar 69 ára og hinn á þrítugsaldri. Skólameistarinn er ekki með í þessum meðaltölum en hann myndi samt hækka hann lítillega. Meðalaldur allra kvenna er 50 ár en karla 50,5. Eins og sjá má á töflunni hér að neðan eru 19 starfsmenn á sjötugsaldri. Tólf þeirra njóta aldursafsláttar skv. kjarasamningum KÍ. Miðað við hefðbundinn útreikning væru það um 2,5 stöðugildi sem myndi jafnast út á fimmtánda milljón. Sá peningur er tekinn af stjórnunarkvóta skólans og myndi nýtast betur þar, eða ef hægt væri að fara fram á að þessi vinna væri unnin. Þeir KÍ félagar sem ekki eru í kennslu njóta ekki þessa afsláttar.

Aldur	Konur	Karlar
20-29	1	1
30-39	9	4
40-49	16	5
50-59	22	5
60-69	11	8

Þann 1. 10. 2015 var 761 nemandi skráður í nám við skólann. Þar af voru 48 grunnskólanemendur. Nemendur skólans skiptust á námsbrautir svo:

Braut	Heiti brautar	Fjöldi	Hlutfall	Samantekt brauta
10.bek	10.bekkur	48	6,31%	6,31%
AN	Almenn námsbraut	35	4,60%	4,60%
FÉ	Félagsfræðabraut	169	22,21%	27,46%
FÉ_ÍA	Félagsfræðabraut, ípróttafrekssvið	39	5,12%	
FÉ_ÍÞ	Félagsfræðabraut_ípróttasvið	1	0,13%	
FÉLA	Félagsvísindabraut (2015)	17	2,23%	4,47%
FÉLA-Í	Félagsvísindabraut (2015) afrekssvið	15	1,97%	
FÉLA-L	Félagsvísindabraut (2015) listasvið	2	0,26%	
MÁLA	Málabraut (2015)	9	1,18%	1,58%
MÁLA-Í	Málabraut (2015) afrekssvið	2	0,26%	
MÁLA-L	Málabraut (2015) listasvið	1	0,13%	
MB	Málabraut	34	4,47%	4,99%
MB_ÍA	Málabraut_ípróttafrekssvið	3	0,39%	
MB_ÍÞ	Málabraut_ípróttasvið	1	0,13%	
NÁ	Náttúrufræðabraut	97	12,75%	17,74%
NÁ_ÍA	Náttúrufræðabraut_ípróttafrekssvið	37	4,86%	
NÁ_ÍÞ	Náttúrufræðibraut_ípróttasvið	1	0,13%	
RAUN	Raunvísindabraut (2015)	26	3,42%	6,57%
RAUN-Í	Raunvísindabraut (2015) afrekssvið	22	2,89%	
RAUN-L	Raunvísindabraut (2015) listasvið	2	0,26%	
OPIN	Opin námsbraut	19	2,50%	4,20%
OPIN-Í	Opin námsbraut (2015) afrekssvið	10	1,31%	
OPIN-L	Opin námsbraut (2015) listasvið	3	0,39%	
ST1	Starfsbraut 1 og 2	25	3,29%	3,29%
UBN	Undirbúningsnám (2015)	31	4,07%	6,31%
UBN-Í	Undirbúningsnám (2015) með afrekssviði	17	2,23%	
VH	Viðskipta- og hagfræðabraut	45	5,91%	9,33%
VH_ÍA	Viðskipta- og hagfræðabraut_ípróttafrekssvið	26	3,42%	
VIHA	Viðskipta- og hagfræðibraut (2015)	15	1,97%	3,02%
VIHA-Í	Viðskipta- og hagfræðibraut (2015) afrekssvið	6	0,79%	
VIHA-L	Viðskipta- og hagfræðibraut (2015) listasvið	2	0,26%	
VSS FM	Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	0,13%	0,13%

Alls voru 177 skráðir á afreksípróttasvið, eða um fjórðungur nemenda ef grunnskólanemendur eru ekki taldir með.

Við lok vorannar voru brautskráðir 72 nemendur

Í útskriftarhópnun voru 46 karlar og 26 konur.

Á Félagsfræðibraut eru 31, þar af tíu á ípróttaafrekssviði.

Málabrautarnemendur eru tveir og nemendur af náttúrufræðibraut eru 20, þar af 5 af ípróttaafrekssviði.

Starfsbrautarnemendur eru fjórir.

Nemendur á viðskipta- og hagfræðibraut eru tólf, þar af tveir af ípróttaafrekssviði.


Tveir ljúka viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Alls eru sautján nemendur af ípróttaafrekss

Við lok haustannar 2015 brautskráðust 66 nemendur.

Félagsfræðabraut	20	30
Félagsfræðabraut, ípróttaafrekssvið	10	
Málabraut	6	8
Málabraut_ípróttaafrekssvið	2	
Náttúrufræðabraut	15	19
Náttúrufræðabraut_ípróttaafrekssvið	4	
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	1
Viðskipta- og hagfræðabraut	7	8
Viðskipta- og hagfræðabraut_ípróttaafrekssvið	1	

Hér er mynd sem sýnir aldursdreifingu nemenda:



Karlar eru um 53,5% nemenda en konur 46,5%.

2 NÁMSFRAMBOÐ

Skólinn býður upp á nám af nokkrum brautum. Árið 2015 voru þessar í boði:

Námsbrautir til stúdentsprófs

Félagsvísindabraut

Raunvísindabraut

Málabraut

Viðskipta- og hagfræðibraut

Opin námsbraut

Að auki eru

Undirbúningsbraut

Starfsbraut

Við þessar brautir má tengja svið:

Afreksípróttasvið

Listnámssvið

Félagslífssvið

Sjá nánar á www.flensborgarskolinn.com

Brautir sem kennt er eftir en ekki er innritað á lengur eru:

Almenn námsbraut	AN2*
Félagsfræðibraut 140 ein.	FÉ, FÉ-ÍA, FÉ-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Viðskipta- og hagfræðibraut 140 ein.	VH, VH-ÍA, VH-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Málabraut 140 ein.	MB, MB-ÍA, MB-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Náttúrufræðibraut 140 ein.	NÁ, NÁ-ÍA, NÁ-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Starfsbraut	ST1
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum VSS	

* AN2 er skammstöfun almennrar brautar fyrir nemendur sem þurfa upprifjun í einhverjum samræmdum greinum grunnskólaprófs.

** ÍA er skammstöfun fyrir íþróttafrekssvið og ÍÞ er skammstöfun fyrir íþróttasvið.

***Fyrir nemendur sem lokið hafa upplýsinga- og fjölmiðlabraut.

Öllum stúdentsbrautum fylgja tveir möguleikar á kjörsviði til viðbótar grunnkjörsviði. Um er að ræða kjörsvið íþróttasviðs og íþróttafrekssviðs. Auk þess geta nemendur nýtt nám úr viðurkenndum listaskólum á sambærilegan hátt inn í stúdentsprófið. Nemendur sem velja íþróttafrekssvið á braut verða að skrifa í athugasemdir, íþróttagrein og íþróttafélag. Þessi möguleiki er bundinn við að viðkomandi íþróttafélag eða deild hafi gert samkomulag við skólann.

3 MARKMIÐ OG STAÐA MÁLA

Markmið skólastarfsins eru rakin í viðauka skólasamnings. Þau eru nánar útfærð í sjálfsmatsskýrslu 2015.

Samkvæmt henni hefur gengið vel að uppfylla flest og mörg önnur til en þau sem erfiðast gengur að ná upp eru fjármál, en það var ekki talið eitt markmiða samningsins.

4 MEGINSÓKNARFÆRI SKV. SJÁLFSMATSSKÝRSLU

Í lokaorðum sjálfsmatsskýrslu skólans segir:

Niðurstöður áfangamats ríma mjög vel við niðurstöður úr Skólapulsinum og benda um margt til þess að hluti kennarahópsins mætti endurskoða viðhorf sín til nemenda og starfsins. Áfangamatið gefur ákveðnar vísbendingar um skólamenningu og getur endurspeglað viðhorf til náms og starfa kennara. Í báðum þessum könnunum koma fram vísbendingar að hluti nemenda telji viðfangsefnin lítið áhugaverð og/eða tilgangslaus. Sama kemur fram í Skólapulsi og víðar.

Stjórnendur fengu mat sitt og almennt nutu þessir aðilar trausts en þóttu missýnilegir. Í könnuninni Stofnun ársins fengu tölvumál og launamál harðasta gagnrýni. Traust til stjórnenda fór vaxandi. Úttekt á námsmati undirstrikar það sjónarmið skólameistara að betur þurfi að skoða hægferðir og hraðferðir.

Samanburður gagna leiðir í ljós sterka fylgni milli grunnskólaeinkunna, miðannarmats fyrstu annar og lokamats fyrstu annar. Í stefnumótun skólans er áhersla lögð á væntingar og að byggja á jákvæðum væntingum frekar en neikvæðum. Vinna með nemendur sem þurfa aðstoð heldur áfram að þróast en hið önnuga er að erfiðleikar þeir sem nemendur eiga við að etja eru vart á færi starfsfólks skólans að leysa. Í staðinn reynir það að skapa jákvætt andrúmsloft og öruggt umhverfi svo nemendur finni þar skjól. Við skólann starfar starfshópur sem sinnir þessum málum. Hvað brottfall varðar sýnist okkur að stjórnvöld láti sér nægja að kortleggja það. Skýrslur og skimunarpróf safnast upp en stuðningur og úrræði eru fá.

Þá er staðan sú nú að stjórnvöld hafa velt yfir á skólana fjölda verkefna og oft án þess að þeim fylgi fjármagn. Þannig þyngist róður þeirra sem við málin starfa. Samhliða er svo á lofti gagnrýni á að stjórnkerfi t.d. Flensborgarskólans sé óeðlilega stórt.

Næsta skólaár verður lögð vinna í að byggja upp sjálfsmat á grunni sjálfsmatskerfis sem heitir CAF og hefur verið þróað fyrir opinbera aðila. Vonandi verður það hryggjarstykki næstu skýrslu, þar sem koma þarf umbótum í betra, og markvissara form.

Í lokin er rétt að víkja að fjármálum skólans. Sérstakar greinargerðir liggja fyrir á fjármálasviði ráðuneytisins þar um hefur verið fundað oft á árinu 2015 um þau. Að okkar mati skilar það litlu fyrir okkur í leit að lausnum. Fjármálasviðið krefst þess að skólinn haldi sig við fjárlög en framhaldsskóladeildin og Menntamálastofnun leggja áherslu á réttindi nemenda. Flensborg er í raun fyrsti héraðsskólinn við suðurhluta Stórreykjavíkursvæðisins. Það merkir að á hann eru

gerðar kröfur sem margir aðrir skólar virðast víkja sér undan. Við tökum inn alla nemendur sem til okkar leita og reynum að finna þeim stað við hæfi. Það verða lokaorð þessarar skýrslu að þar til stjórnvöld skilgreina þjónustustig skólans með skýrari hætti og samræma fjárlögum þá verður erfitt að finna góðar leiðir til að ná utan um rekstur hans.

5 AFKOMA – REKSTRARSTAÐA – VINNA MEÐ ÞAÐ

Rekstur skólans, fjárhagslega séð, hefur gengið illa. Frá sjónarhóli skólans snýr það að eftirtöldu:

1. Fjárveitingar eru ekki í samræmi við þjónustukröfur sem gerðar eru til skólans.
2. Starfsbraut er þung í rekstri.
3. Flókin viðfangsefni sem ekki eru metin að verðleikum.
4. Skortur á úrræðum.

Þegar skoðaðar eru tölur um nýtingu og hagræðingu þá kemur í ljós að ekki verður lengra gengið án þess að skera niður þjónustu.

Sjónarmið stjórnvalda er að skólinn eigi að halda sig innan heimilda. Skólameistarar, núverandi og fyrrverandi, hafa kallað eftir stuðningi og ábendingum um lausnir en næsta fátt borist af tillögum. Misvísandi kröfur koma svo frá ráðuneytinu. Þar á að spara, smíða nýja námskrá, hagræða, setja upp dýr námsúrræði o.s.frv.

6 BROTTVARF OG NÁMSÁRANGUR

Brotthvarf nemenda innan annar hefur verið reiknað. Á vorönn voru skráðir til leiks 759 nemendur. 43 nemendur sögðu sig úr áföngum eða frá námi. Úrsagnir úr áföngum samsvara 232 einingum eða 6,8 ársnemendum en að auki sögðu 37 sig úr skóla, eða var vísað úr skóla. Sumir þessara voru nemendur sem aldrei skiluðu sér. Þetta jafngildir 5,8% brotthvarfi á vorönn.

Á vorönn voru 759 nemendur við nám og luku önninni með meðaleinkunnina 6,35. Að auki voru metnar inn einingar annars staðar frá fyrir 99 nemendur.

Haustönn gekk verr, sem kannski sannar að verkföll draga dilk á eftir sér. Þá sögðu sig frá áföngum eða úr skóla 95 nemendur. Úr áföngum sögðu sig 6,6 ársnemendur en að auki hurfu frá námi 53 af eigin hvötum eða var vísað frá. Þetta jafngliti hamförum í brotthvarfssögu skólans eða 7,7% brotthvarfi.

Á haustönn voru við nám 766 nemendur og luku önninni með 6,42 en að auki fengu 190 nemendur metna áfanga annars staðar frá.

Skólinn á heldur undir högg að sækja aðsóknarlega séð og er verið að vinna þar mikið starf.

7 STJÓRNUN - TEYMI

Yfirstjórn

Skólameistari ber ábyrgð á rekstri skólans eins og lýst er í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hann heldur vissum atriðum hjá sér en framselur önnur til annarra yfirmanna, eftir því sem við á. Þeir bera því ábyrgð gagnvart honum um þau mál.

- Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara.
- Áfangastjóri hefur sérstaklega með að gera skipulag skólastarfs, námsferla nemenda og gagnaskráningu.
- Fjármálastjóri sér um fjárhagsbókhald skólans, greiðir reikninga og sér um innheimtu, hefur með áætlanagerð að gera og annast launabókhald skólans ásamt mannauðsstjóra.
- Mannauðsstjóri hefur með málefni starfsmanna að gera.

Aðrir stjórnendur með mannaforráð:

- Forstöðumaður mötuneytis sér um rekstur mötuneytis, mönnun, opnun o.s.frv.
- Forstöðumaður bókasafns sér um rekstur bókasafns, mönnun, opnunartíma o.s.frv.
- Þjónustustjóri sér um rekstur vegna ræstinga, mönnun, starfsskipulag o.s.frv.
- Sviðsstjórar eru næstu yfirmenn kennara.
- Fagstjórar eru á starfsbraut, í íslensku, ensku, stærðfræði og íþróttum. Þeir sjá um málefni kennara í þessum greinum skv. nánari lýsingum.

Sjá nánar á vef skólans.

8 SAMVINNA VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Flensborgarskólinn starfar náið með ýmsum stofnunum. Fyrir utan Mennta- og menningarmálaráðuneytið má nefna Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, en það samstarf gengur út á að halda utan um nemendur sem eru undir verndarvæng beggja aðila. Þetta samstarf er flókið og oftast en ekki velta starfsmenn skólans, sem að því koma, fyrir sér hvenær skólinn sé félagslegt úrræði og hvenær menntastofnun. Sama gildir í raun um fjölda mála er snerta heilbrigðismál. Raunar kemur fram í Brotthvarfsskýrslum Menntamálastofnunar og MRN að heilsufarsþættir séu í vaxandi mæli talin skýring á brotthvarfi.

Skólinn starfar einnig með Götuvitanum og Litla hópi sem eru verkefni sem snerta starf og líf ungmenna utan skólans. Breytingar á skipulagi hjá Hafnarfjarðarbæ sl. ár hafa valdið erfiðleikum en vilji starfsmanna beggja vegna til að láta málin ganga er mikill.

Þá er samstarf við FS og FG um fjölmörg mál. Samstarfið við Tækniskólann hefur minnkakð.

Bæjarbrúin er samstarfsvettvangur Skólaskrifstofu, grunnskólanna og Flensborgarskólans. Um er að ræða skilgreiningar á þjónustu sem markar sveigjanleg skólaskil, ekki síst fyrir bráðgera nemendur. Einnig hefur skólinn beitt sér fyrir samtali við stjórnendur og kennara Grunnskóla Hafnarfjarðar um skólaskil grunnskóla til framhaldsskóla.

Bæjarbrúarsamstarfið flæktist á miðju ári 2015 vegna upptöku nýrrar námskrár og einfaldaðist ekki við breytingar á einkunnakvarða grunnskólanna. Óljós og oft misvísandi svör hafa gert námskrárfólki erfitt og hluta námskrár þurfti að endurskoða vegna einkunnatilfærslna. Fyrir skóla með flókið þjónustustig er óþolandi að þurfa að búa við

hringlandahátt sem sumpart virðist þjóna fáum skólum með lúxusvandamál en valda alvöruskólum vanda.

Skólinn starfrækir í þróttaafrekssvið ÍAS, sem er líklega það stærsta sinnar gerðar í landinu. Það gengur afar vel. Það er í endurskoðun, bæði námskrá og skipulag.

Skólinn starfar náið með Embætti landlæknis um verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli. Enn er kallað eftir samstarfsvilja ráðuneytis mennta- og menningarmála þar að lútandi.

Tekin var upp „nýja inna“ að ósk kennara. Margt þótti þó verra en var í eldra kerfi, Námsnetinu, sem skólameistara þótti vont að láta frá sér. Að auki starfar skólinn með fjölmörgum aðilum, s.s. stéttarfélögum, samtökunum Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs o.fl.

Kór skólans er í fjölda samstarfsverkefna, heima og erlendis og hefur unnið til viðurkenninga. Flensborgarkórinn, sem er kór eldri nemenda, hefur unnið til fjölda verðlauna erlendis. Kórstjóri er Hrafnhildur Blomsterberg, sem einnig hefur fengið miklar viðurkennigar fyrir starf sitt. Ekki hafa enn fengist skýr svör um einingamat hans.

Sama má segja um NFF Nemendafélag skólans. Samstarfið við það er gott. Haustið 2014 greip skólinn inn í mál vegna dansleiks. Eftirmál þess hafa verið nokkur. Mikil áhersla hefur verið lögð á jafnréttismál og verður áfram.

Mikil vinna hefur verið lögð í stefnumótun, námskrá og þar með um leið markaðssetningu og samstarf við sveitarfélagið.

9 SÉRSTAKAR ÁHERSLUR OG MARKMIÐ SKÓLANS

Öll þessi atriði eru aðgengileg á vef skólans - <http://www.flensborg.is/Skolinn/>.

10 LOKAORÐ

Enn eitt ár átaka leið með árinu 2015. Nú hefur verið stöðugur ófriður um launamál í þrjú ár. Fyrst í aðdraganda verkfalls og síðan að því loknu. Því miður hafa hvorki stjórnvöld né kennarasamtökin náð að skapa frið um samninga sem þó annars veittu starfsmönnum þökkalegar hækkanir. Síðasta ár hafa deilur snúist um túlkanir og vinnumat. Vantraust sem beinist að stjórnendum í þessum efnum er óþolandi.

Ófriður meðal kennara og sérlega neikvæð umræða um skólastarf er afar lýjandi. Það versta er að erfitt er að finna hvar rekstraraðili skólanna stendur í þessum málum. Glannalegar yfirlýsingar um skólamál og þann kostnað sem af þeim hlýst eru eyðandi og meiðandi.

Sem stendur eru mörg breytingaferli í gangi. Það er námskráin, launasamningar, auk fjölmargra atriða þar sem skólarnir eru að reyna að feta sig í nýju umhverfi fjármála og tækni. Erfiðast við að eiga er styttingin og allt tal um fækkun nemenda, - og kennara. 2.800 nemenda fækkun er þó nokkuð af skólum.

Fer ekki að verða kominn tími á að eigendur skólanna standi með sínu fólk?

Árið 2015 var þó ekki svartnætti eitt.

Í Flensborgarskólanum var sem fyrr lögð áhersla á fleira en námsgreinarnar einar. Samfélagsleg verkefni, vitundarhvetjandi umræða, þróun nýrra námssjónarmiða, undirbúningur skólastefnu sem byggir á jákvæðri menntun, núvitund og margt fleira var á döfnni.

Flensborgarhlaupið var til styrktar MS félaginu og náði metþátttöku. Flensborgardagurinn snérist um ýmsar hliðar flóttamannamála. Skólinn skipulagði daginn en nemendur stýrðu honum. Fjöldi gesta kom og luku lofsorði á þann metnað sem að baki bjó. Safnað var til styrktar flóttamannámálum og nemendur skólnas hafa raðað sér þétt um Jóniödu Dega, albanskan hælisleitanda sem kom í skólann í október og hefur heillað okkur gersamlega með framgöngu og námsvilja sínum. Þegar þetta er ritað er beðiði úrskurðar um örlög hennar. Það væri stórkostlega rangt að vísa hæfileikamanneskju eins og henni úr landi.

Í síðustu ársskýrslu stóð þetta í lokaorðum:

... Engu að síður er það brýnt, að skapa frið í skólunum og aðstæður til þróunar. Það er óþolandi sá stanslaus ófriður sem hefur ríkt um launakjör, þjónustu framhaldsskóla, elítuskólakerfið sem fær að standa óhreyft hvað sem á gengur, vinnumatíð, námskrána og svo framvegis. Sama má segja um fjármálin, endurtekin inngrip og óljós skilaboð, sem og óraunhæfar kröfur um sparnað.

...

Það að allir skólarnir séu að glíma við sömu verkefnin hefur gert það að verkum að á stundum eru vinnuaðstæður slíkar að ekki verður við búið. Stjórnkerfi skólanna eru alltof veik að þessu leyti. ..

Þegar grannt er skoðað hafa stjórnkerfi skólanna lítið þróast í samræmi við þau verkefni sem til þeirra er vísað. Það hefur verið eftirtektarvert að fylgjast með fjölda ráðninga í skólameistarastörf undnfarin tvö ár, sem og því hversu fáir hafa sótt um marga þessa skóla.

Eftirmál óyndis og deilna er að t.d. er mun erfiðara að fá fólk til aukaverkefna og skemmtilegheita en áður var.

Samt verður að segjast að í skólanum býr mikill mannauður og án hans þá væri þessi skóli ekki sú þjónustustofnun sem hann er og fagmennskan ekki jafn mikil og hún er. Flensborg á sér langa sögu og merkilega. Starfsmenn skólans leiddu þá byltingu þegar skólastarf og námsgreinar urðu til á 19. öld, auk þess að byggja upp kennaramenntun. Hann var aftur í forystu fjölbrautabyltingarinnar sem er mjög vanmetin í allri umfjöllun um skólastarf. Og enn er skólinn í fremstu röð, að þessu sinni við að skipuleggja Heilsueflandi framhaldsskóla verkefnið fyrir íslenska framhaldsskóla, núvitund og hugarró, tengsl skóla og samfélags auk þess að þróa þjónustu sem er án efa í fremstu röð, fyrir alla nemendur, ekki eingöngu þá sem enga hjálp þurfa.

Það er alveg ratljóst að hér er gætt fyllstu hagræðingar, reynt að efla fagmennsku og skólasýn fyrst og síðast og þess gætt að allt starfið sé í eins góðum vinnuramma og framast er unnt. Til að það geti haldið áfram að þróast þarf að losa skólann úr þeim fjárhagsviðjum sem hann er í.

Þar má velja aðra af tveimur leiðum. Hægt er að reikna af meiri sanngirni framlög til skólans, sem taka mið af þjónustustigi hans. Hin fæli það í sér að grafa undan starfi hans og hindra að framsækni og fagmennska fái að byggjast upp.

Við finnum metnað og afl í hverju horni, með starfi nemendafélagsins, námskrárvinnu og margskonar þróunarvinnu. Við göngum til starfa af heilum hug, með það að leiðarljósi að Flensborg sé fyrst og fremst.

Og þannig á að gera hlutina.

Hafnarfirði, mars 2016

Magnús Þorkelsson, skólameistari

11 VIÐAUKAR

11.1 REKSTRARYFIRLIT

Hangir við.

11.2 SKÓLASLITARÆÐUR ÁRSINS MEÐ YFIRLITI UM STARFIÐ.

11.2.1 Skólaslitaræða vor 2015 -- stytt

Af óviðráðanlegum ástæðum er sjálf ræðan glötuð – það er týnd. Hér kemur frétt af heimasíðu skólans þess í stað.

Afmælisútskrift frá Flensborgarskólanum

Á þessum fallega degi, föstudeginum 22. maí, kveðjum við 72 nemendur sem brautskrást frá skólanum. Við óskum þeim gæfuríkrar framtíðar og velfarnaðar við nám, störf og leik.

Við útskriftarathöfnina var því jafnframt fagnað að 40 ár eru liðin frá því fyrstu stúdentarnir voru útskrifaðir frá skólanum. Í útskriftarhópnun eru 46 karlar og 26 konur. Karlarnir eru því um tveir þriðju hlutar hópsins.

Á Félagsfræðibraut eru 31, þar af tíu á ípróttaafrekssviði. Málabrautarnemendur eru tveir og nemendur af náttúrufræðibraut eru 20, þar af 5 af ípróttaafrekssviði.

Starfsbrautarnemendur eru fjórir og nemendur á viðskipta- og hagfræðibraut eru tólf, þar af tveir af ípróttaafrekssviði. Tveir ljúka viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Alls eru því sautján nemendur af ípróttaafrekssviði, þar af einhverjir nýorðnir

Íslandsmeistarar! Í þessum hópi þá lauk einn 37 einingum á önninni sem er liðlega heils vetrar nám. Fjórir aðrir luku 30 til 34 einingum og um 20 luku yfir tuttugu einingum.

Dúxinn á þessu vori er úr máladeild og það er Lena Dís Traustadóttir sem hlýtur þann titil.

Einn starfsmaður lætur af störfum á þessu vori, Elsa Bessadóttir, en hún hefur unnið á bóksafni skólans. Skólameistari þakkaði henni fyrir vel unnin störf.

Þá voru „útskrifaðir“ tveir skiptinemar, þær Martina Merlo frá Ítalíu og Melten Olkum frá Tyrklandi. Þær luku fullu heils árs námi sem er frábært.

Þá voru heiðraðir tveir nýnemar fyrir frábæran námsárangur, þau Daníel Einar Hauksson, sem lauk 42 einingum með meðaleinkunn 9,94 og Selma Rún Bjarnadóttir, sem lauk 40 ein. með meðaleinkunnina 9,59.

Rotaryhreyfingin veitti dúxinum verðlaun að vanda en að auki bárust verðlaun frá

Gámabjónustunni, Háskóla Íslands, Danska sendiráðinu og Embætti landlæknis.

Stúdentarnir sem útskrifuðust fyrir 40 árum gáfu skólanum peningagjöf og

Sorptimistaklúbbur Garðabæjar og Hafnarfjarðar gaf Flensborgarkórnum peningagjöf sem á m.a. að verja til þess að láta semja verk fyrir kórinn.

Skólameistari þakkaði öllum þessum aðilum hlýhug þeirra og vináttu við skólann.

Þá gáfu útskriftarnemar Krafti, styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, peningagjöf.

Kór Flensborgarskólans söng við athöfnina undir stjórn Hrafnhildar Blomsterberg og var vel fagnað.

Skólameistari kom víða við í ræðu sinni en fjallaði m.a. um þær umbyltingar sem áttu sér stað í aðdraganda útskriftarinnar fyrir 40 árum auk þess að bera það saman við þróunina í dag. Hann sagði m.a.

Við viljum horfa fram á veginn, vera skrefinu á undan og það gerðum við til dæmis með hugmyndinni að Heilsuefandi framhaldsskóla, ípróttaafrekssviði og núvitund. Nú er komið

að því að taka þetta á næsta stig. Það gerum við með nýrri námskrá þar sem við stofnum til Listnámssviðs og félagslífssviðs ... Kristján Bersi var framsýnn maður þegar hann gekk til liðs við byltingarmenn í íslensku skólastarfi fyrir liðlega fjörutíu árum. Hann sagði þó sjálfur að hann hefði alltaf séð eftir því að hafa ekki tekið eitt skref enn. Nýju skólarnir tóku nefnilega stúdentspróf bekkjarkerfisins og röðuðu því inn í áfangakerfið. Hann skrifaði í grein að það hefði verið mistök að taka málið ekki skrefinu lengra og búa til ný próf. Það er einmitt skrefið sem við viljum stíga nú. Stúdentsprófið nýja á ekki að vera fjögurra ára prófið troðið á þrjú ár. Það á að vera nýtt próf, nýjar nálganir, sannreyndar vísindalega sem undirbúa fólk undir háskólanám á nýjum forsendum. Flensborgarskólinn er eldri en þau 40 ár sem nefnd voru í upphafi máls míns. Reyndar segi ég oft að það sé mjög ánægjulegt hvað við eigum mörg tilefni til að gleðjast þegar við viljum. Hann hefur verið kjölfesta í menntamálum frá lokum 19. aldar og hefur lifað af og leitt marga sviptivinda í menntapólítík, oft með því að raða sér fremst í hópinn. Nú þegar verið er að ræða allskonar byltingar og sameiningar í menntamálum þá skiptir okkur máli að vera vel tengd við samfélagið í kringum okkur. Það er ekki nóg að vera í samstarfi við bæinn, grunnskóla, Tónlistarskólann, íþróttafélögin svo nokkuð sé nefnt. Við þurfum líka á því að halda að vera í fremstu röð, og erum það hvað varðar Heilsueflandi framhaldsskóla, núvitund og hugarfar. Þar með erum við að vinna með styrkleika nemenda, seiglu og úthald og byggja upp væntingar og árangur.

Í kveðjuorðum sínum til nemenda sagði meistari m.a.:

Það er oft efast um að það sé mikil þörf fyrir fræðastagl og utanbókarlærdóm nú þegar hægt er að gúgla nánast allt. Vissulega er það þannig í henni veröld nútímans að við þurfum að kunna að gúgla. En það þarf fleira til. Við gátum gúglað klukkan hvað sólmyrkvinn yrði í vetur en að baki þeim upplýsingum lágu vísindalegar rannsóknir. Og á bak við Google liggur mikil vinna og sérfræðiþekking. Samfélagið kallar eftir fagmennsku, skapandi hugsun og skapandi lausnum. Hér kemur einbeitingin við sögu, sem og hugarfarið, núíð, styrkleikar okkar. Það getur enginn allt en allir geta eitthvað og saman getum við hvað sem er ... Við verðum að læra verklag, læra að skiptast á skoðunum, rökræða og virða hvert annað og fagna fjölbreytni einstaklinganna í kringum okkur ... Við búum í samfélagi og það krefur okkur um samábyrgð og samstarfsvilja. Við þurfum að leita nýrra átta og nýrra sátta í samfélaginu og umhverfi okkar. Við þurfum að leita, spyrja, rökræða og loka málum. Kannski eins og Halldór Laxness ritaði, - að læra að velja lítið orð sem getur orðið stórt og þungt af því að standa á stað sem er rétt undirbúinn.

Skólameistarinn þakkaði starfsfólki og nemendum veturinn, sem og öllum þeim góðu gestum sem voru í sneisafullum salnum og sleit síðan skólaárinu.

11.2.2 Skólaslitaræða haustönn 2015 – stytt

Yfir fannhvíta jörð leggur frið
þegar fellur mjúk logndrifa á grund.
Eins og heimurinn hinkri aðeins við,
haldi niðri sér anda um stund.

Þessi fallega mynd sem Ólafur Gaukur dró upp er kannski ekki sú sem situr í huga okkar nú þegar prófum er lokið og gengið til útskriftar. Undanfarnar vikur hefur logninu legið á, og mjúk logndrífan heldur farið offari.

Engu að síður þá erum við hér, jólin rétt handan við hornið og enn einn hópur glæsilegra ungmenna að ganga til útskriftar. Hamarssalur í hátíðarbúningi, hlýlegur og ró yfir okkur öllum. Er það ekki annars?

Haustönnin 2015 hefur ekki eingöngu verið rýsjótt veðurfarslega. Hún hefur líka verið annasöm. Við finnum að margt af því sem við höfum verið að vinna með eða þróa undanfarin ár er orðið fast í sessi. Við höfum reyndar leik um viku fyrr en vanalega, en það sem meira var um vert, við höfum kennslu eftir nýjum námsvísi. Þegar ég segi nýjum þá er stóra breytingin sú að nýnemar sem hófu nám í haust komu inn með því hugarfari að ljúka námi á þremur vetrum. Vitaskuld þá er það grunnviðmið en sveigjanleikinn er til staðar, hvort sem nemandinn vill flýta för eða fara hægar.

Flensborgarhlaupið, eitt af mörgu sem er komið til að vera, var fjölmennt og við náðum að styrkja MS félagið um tæplega þrjú hundruð þúsund með ágóðanum af hlaupinu. Hlaupið er framlag okkar til samfélagsins og góðgerðarhluti þess afar mikilvæg lexía í því að sýna nemendum okkar að framlag þeirra skiptir máli.

Afmælisdagurinn okkar, 1. október, snérist líka um samábyrgð og við skoðuðum aðstæður flóttamanna. Nemendur sáu um dagskrárstjórn og uppgjör dagsins og gerðu það vel. Gestir sem hingað komu, frá Útlendingastofnun, Rauðakrossinum, fjölmiðlamenn, þingmaður, sem og starfsmaður Unicef, sýndu okkur margar hliðar þessarar mögnuðu atburðarásar sem hefur dunið yfir heiminn en komst í sjónmál fjölmiðla nú í haust. Þetta mál snerti okkur sérstaklega vegna þess að á miðri önninni kom til okkar dóttir hælisleitienda. Hana langaði að komast í skóla. Við tókum við henni þá strax og erum gjörsamlega heilluð. Nemandinn sem hér um ræðir er frábær námsmaður. Hún hóf nám um miðjan október og tók meðal annars lokapróf í einum áfanga upp á 10, svaraði því prófi á íslensku.

Það vakna vissulega spurningar í hugum okkar sem komum að svona málum. Er það virkilega svo að við getum ekki sinnt sumum sem hingað leita, að því er virðist, vegna þess að fólkíð kom til landsins á röngum forsendum? Og eiga þá börnin að gjalda fyrir það?

Við sem vinnum með börn og unglunga hugsam fyrst og fremst um rétt barnsins og velferð þess. Stúlkan sem ég nefndi hér að ofan á að fá að ganga í skóla. Og okkur ber að sjá til þess að hún geti það.

Það var margt sem gerðist úti í hinum stóra heimi þessa önn. Niðurstöður loftslagsráðstefunnar í París ýta á okkur með að hrinda úr vör áfanga um umhverfismál. Þann áfanga eiga allir nemendur nýrra námsbrauta að taka sem hluta af sínu námi. Halldóra

Jóhannesdóttir, efnafræðikennari, er að undirbúa þetta verkefni sem fer í gang frá og með næsta hausti.

Eitt dæmi um margt sem verið er að gera! Haldnar eru margskonar keppnir milli framhaldsskólanema. Einn nemandi okkar náði mjög sómasamlegum árangri í Stærðfræðikeppni framhaldsskólanna í ár, eða Daníel Einar Hauksson. Liðið sem við sendum til keppni í Boxinu sem er framkvæmdakeppni framhaldsskólanna, náði fjórða sæti, sem er besti árangurinn til þessa. Þetta var í þriðja sinn sem við tókum þátt. Þess má raunar geta að í lokakeppnina fara átta lið. Í undankeppninni þetta árið voru 29 lið.

Ég gæti haldið áfram linnulítið, m.a. um íþróttafólkið okkar heima og erlendis, listamenn og svo framvegis. .

Rétt er að nefna helstu tilfærslur í hópi starfsmanna.

Védís Gunnarsdóttir kom til starfa í eldhúsinu í haust.

Erla Sigríður Ragnarsdóttir leysir Bryndísi Jónu Jónsdóttur af sem mannauðsstjóri en Bryndís er í launuðu orlofi.

John O'Neill hefur leyst Eygló Jónsdóttur af en hún er í veikindaleyfi.

Birita frá Dæli hljóp undir bagga með okkur á haustönn vegna afleysinga í dönsku.

Vinna við nýja námskrá heldur áfram enda eru margar hugmyndir í umræðunni sem þarf að fella að okkar vinnu. Eitt af því sem stendur okkur fyrir þrifum í þessum málum er þjóðfélagsumræðan um skólamál sem helst virðist snúast um það hvað skólastarf kosti. Mun minna virðist rætt um inntak og tilgang skólastarfs. Við ræðum ekki hver stefnan eigi að vera eða um hvað skólastarf eigi að snúast?

Hér hefur okkur farið aftur. Um miðja 19. öld eða fyrir um eitthundraðsjötíu og tveimur árum ritaði Jón Sigurðsson forseti grein um skólastarf. Þar kallaði Jón eftir skóla skipulögðum þannig „ ... að svo verði hagað til að enginn kraftur, ...misstist, sem stoðað gæti til velferðar alls [sam]félagsins, heldur að sérhverjum stæði vegur opinn til að nema það sem honum væri best lagið ... ”

Þegar Flensborgarskólinn var stofnaður af presthjónunum í Görðum, þeim frú Þórunni Jónsdóttur og séra Þórarni Böðvarssyni, þá lýstu þau vilja sínum um skólastarf á þann hátt að ætlunarverk skólans væri að veita...almenna menntun, glæða sálargáfurnar, auka þekkinguna og styrkja siðferðislega hæfileika ...

Skáldið Örn Arnarson setti þetta í kvæði, skólaljóðið okkar sem svo:

Hér skal eld á arni finna

Æska þessa lands:

Trú á lífið, trú á manninn,

Trú á þroska hans

Það er svo merkilegt að þessar þrjár tilvitnanir lýsa því sem við erum að vinna að. Hugmyndir hins Heilsueflandi framhaldsskóla, hugmyndir okkar um skóla fyrir alla, hugmyndir um að hafa trú á nemendum og veita þeim tækifæri.

Námskrárvinnan, sem nú stendur yfir, hefur verið ótrúlega mikil og kennarar alveg sérlega afkastamiklir. Námskrá er rammi. Áfangalýsingar eru umgjörð. Hið eiginlega starf fer fram í skólastofum og í samskiptum nemenda, sín á milli og við starfsmenn skólanna.

Þar viljum við ekki missa kraftana eins og Jón Sigurðsson óttaðist. Við viljum glæða sálargáfurnar, finna eld á arni og efla siðferðiskennd nemenda okkar. Til þess leitum við í hugarfarið, kennsluhætti, skapandi hugsun, einbeitingu með núvitund, mannúð, samábyrgð okkar sem íbúa í Hafnarfirði, á Íslandi og á plánetunni jörð.

Við viljum skila af okkur góðu fólki. Fólki sem veit að það hefur hlutverk, það ber ábyrgð og að það getur látið gott af sér leiða. Og þessi hópur hefur tekið þátt í slíku á marga vegu, eins og ég mun víkja að síðar.

Þessi skóli hefur oft staðið í forystu í þróun skólastarfs. Saga skólans er samofin menntakerfinu því fyrsti skólastjóri Flensborgar varð jafnframt fyrsti fræðslustjóri Íslands, var frumkvöðull í kennslumálum og fagmennsku kennarastarfsins, stofnaði hér kennaradeild, tók upp skipulegri námsgreinar en áður þekktist, greinar eins og íþróttir og handmennt meðal annars og var í samstarfi, ásamt samstarfsmönnum sínum, við erlend kennarafélög.

Skólinn lék aftur lykilhlutverk í fjölbrautabyltingunni á áttunda áratug síðustu aldar og Flensborgarskólinn er enn þann dag í dag frumkvöðlaskóli á ýmsum vettvangi, nú seinni árin sem Heilsueflandi framhaldsskóli og skóli sem innleiðir núvitund í skólastarfi. Hvar sem við komum á vettvangi Heilsueflandi framhaldsskóla þá finnum við þá ábyrgð sem fylgir því að vera forystuskólinn.

Við finnum það líka að við erum eilítið stoltari af okkar starfi. Við sjáum það í könnunum meðal starfsfólks og nemenda. Og það er vel. Það að vera Flensborgari er að vera hluti af stóru samfélagi fólks sem er að finna á öllum stigum samfélagsins, heima og erlendis.

Ég nefndi það áðan að ég saknaði umræðu um skólamál. Eiginleg skólamál. Inntak starfsins og tilgang. Ekki einungis fjármál og kerfi. Undanfarin ár hefur sitthvað verið rætt um skólastarf, skólakerfi og einkunnakerfi, jafnvel inntökupróf. Þar hefur verið rætt um kostnað af því, kerfisleg atriði, en mun minna um pólitík og tilgang skólastarfs, hugarfar skólastarfs, námsskipan, ígrundun, núvitund, heilsueflandi framhaldsskóla. Hvernig við eflum gildi námsgreinanna í þessum ramma sem við sitjum inni í og notum námsgreinina ekki einungis til að læra hana sjálfa heldur einnig til að skynja það sem er gott og vont, hollt og óhollt, rétt og rangt í þessum flókna heimi okkar.

Skólinn er ekki kostnaður. Við eigum að sjá skólann sem skapandi afl. Samfélagslega bætandi afl. Rannsóknir segja að við séum að búa nemendum okkar betri lífskjör, gera þau að betri borgurum, - glæða sálargáfur þeirra.

Takk fyrir

Alls voru 774 nemendur í skólanum á haustönn. 250 voru samanlagt á nýju og gömlu félagsfræðibrautinni en 150 á raungreina- og náttúrufræðibraut. Þar auki voru 45 nemendur í 10. bekk í Bæjarbrúnni sem er samstarfsverkefni við Hafnarfjarðarbæ. 181 er á íþróttafrekssviði og 10 á nýstofnuðu listasviði. Um 200 eru á nýrri námskrá en 500 á þeirri gömlu.

Útskriftarhópurinn er fjölbreyttur og kraftmikill. Þau hafa verið til fyrirmyndar í öllu sínu starfi í vetur og má nefna mörg dæmi þess. Þarna eru seigluboltar sem hafa tekið sér tíma en engu að síður haft árangur sem erfiði. Þau vita hvað þarf til að ná árangri.

Þessi hópur er rétt tæplega sjötíu manns. Þetta er hópur mikilla drauma. Í könnun sem gerð var á dögunum voru þau spurð hvert þau stefndu. Þarna er verðandi myndlistarmaður, jafnvel fleiri, og alla vega einn verðandi húsgagnasmiður. Nokkrir eru heillaðir af leiklistar- og tónlistargyðjunni. Þá eru einstaklingar sem munu vinna í málefnum íþróttar, líklegir þjálfarar, íþróttافرæðingar og sálfræðingar. Svo eru nokkrir sem hyggjast bætast í flokk afreks- og atvinnumanna úr þessum skóla.

All mörg þeirra hafa unnið með börnum og unglingum, í leik- og grunnskólum og hjá félögum sínu. Þau vilja sum starfa á slíkum vettvangi, við kennslu, tólmstundir/félagsmálafræði, barnasálfræði, félagsráðgjöf. Það er vel. Þau hafa fengið góðan undibúning hér og víðar.

Svo eru markaðsstjórar, hugbúnaðarverkfræðingar og verkfræðingar. Mér fannst ég skynja að þau vildu helst glíma við þau verkefnamál sem heimurinn er að kljást við – vatnsskort, mengun, nýtingu á orku og flokkun á sorpi/endurvinnslu og rannsóknir á geimnum. Aðrir vilja verða alþjóðalögræðingar og beita sér á sviði hjálparsamtaka og alþjóðasamstarfs – og þá er gott að kunna tungumál. Einn nemandi ætlar t.d. að nema japönsku og nýta hana í ört vaxandi ferðamálaþjónustu á Íslandi. Og nánast öll þeirra langar til að ferðast, jafnvel búa erlendis við leik og störf – læra ný tungumál, kynnast ólíkri menningu, safna hughrifum og njóta lífsins.

Útskriftarhópurinn 66 nemendur.

Félagsfræðabraut	20	30
Félagsfræðabraut, íþróttafrekssvið	10	
Málabraut	6	8
Málabraut_íþróttafrekssvið	2	
Náttúrufræðabraut	15	19
Náttúrufræðabraut_íþróttafrekssvið	4	
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	1
Viðskipta- og hagfræðabraut	7	8
Viðskipta- og hagfræðabraut_íþróttafrekssvið	1	

Ein mikilvægasta tölfræðin snýr að þeim sem hæsta meðaleinkunn fá. Það eru 21 nemandi sem er með 8,0 eða hærra í meðaleinkunn. Semidúxarnir eru með 8,9 og þarf að fara upp á fjórða aukastaf til að finna á þeim mun.

Dúxa er erfitt að bera saman langt aftur því þegar bókstafakerfið var og hét þá þufti að gefa stöfunum gildi og óljóst hversu staðlað það var. Fjórir hæstu nemendur þessarar aldar og þó farið væri eitthvað aftar eru:

Elva Björk Ástþórsdóttir	9,55	146	2014
Jónas Grétar Jónasson	9,68	140	2013

Tveir hæstu eru

Snorri Rafn Theodórsson	9,71	154	2013	51*10	15*9
Herbjörg Andrésdóttir	9,77	162	2011	40*10	16*9

Lokaorð

Nú fer að líða að lokum þessarar athafnar. En áður nokkrar hagnýtar upplýsingar. Þegar ég lýk máli mínu mun þessi glæsilegi hópur sem stendur hér að baki mér syngja Jólalagið - Heims um ból við lag eftir Franz Gruber og við syngjum ljóðið sem Sveinbjörn Egilsson orti. Okkur þykir það sérlega hátíðlegt að þeir sem eru hér viðstaddir syngi með og biðjum ykkur að rísa úr sætum á meðan. Fyrir þá sem það vilja þá er ljóðið í dagskrárheftinu

Síðan gefum við kórfélögum sem voru að útskrifast kost á að sameinast hópnum sem Hrefna leiðir úr salnum og ég elti. Þau hitta ykkur hér frammi en þar, það er í anddyrinu og á göngum boðið upp á kaffi og eitthvað smávegis meðlæti til að gestir geti staldrað aðeins við og spjallað saman áður en útskriftarhópurinn kemur hingað inn í myndatöku. Og athugið að það er líka kaffi uppi, ekki einungis hér í anddyrinu. Á meðan Lárus ljósmyndari tekur ógleymanlega mynd af hópnum, bíða áhugasamir myndasmiðir hér frammi. Svo verður opnað inn í salinn og þá fá ættingjar að taka hóflega margar myndir. Myndatakan fyrir skólann hefur sem sé forgang. Á göngum skólans eru fjölmargar myndir af eldri útskriftarargöngum og er ykkur velkomið að ganga um húsið og skoða þær.

Ég þakka ykkur öllum sem hér eruð samveruna í dag, gestum sem tengjast þessari útskrift, raunar ykkur öllum sem hafið verið hluti af starfi okkar um lengri eða skemmri tíma.

Það er mér mikilvægt að fá að þakka samstarfsfólki mínu öllu. Sérstaklega vil ég þó þakka þeim vaska hópi sem kemur að undirbúningi útskriftarinnar, og ætla ekki að telja þau öll upp. Samstarfsfólkið allt og krakkarnir gera það að verkum að manni leiðist aldrei í vinnunni.

En fyrst þetta:

Kæru útskriftarnemendur

Þið eruð ekki aðeins stór hópur. Þið spannið líka nokkra árganga. Í hópnum eru spretthlauparar sem fóru í gegn af svo miklu kappi að við höfðum varla undan að fóðra ykkur svo þið fengjuð þá þekkingu, færni og hæfni sem þið vilduð fá. Aðrir fóru í gegn af rósemi og enn aðrir af seiglu og harðfylgi, sama hvernig vindar blésu.

Þið eruð nú orðin hluti af þeim hópi sem lokið hefur námi við Flensborg. Sú saga nær aftur um 130 ár. Þegar fram líða stundir getið þið sótt um styrk í Fræðslusjóðinn og án efa munu einhver ykkar snúa aftur og vilja fara að kenna hjá okkur. Eða annars staðar. Sjáum til.

Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að fara með ykkur niður í bæ til Rauða krossins og afhenda varning sem nemendur á öðru ári höfðu safnað fyrir flóttamannahjálpið RKÍ. Með þeirri gjöf leggja ungmenni við skólann sitt af mörkum. Ég sló á það að hlaupin og aðrar safnanir á vegum skólans, nemenda hans og starfsfólks, auk gjafa útskriftanema væru orðnar nærri tveimur milljónum hið minnsta sem hafa runnið til mannúðarmála

Núna þegar þið kveðjið og farið að leita að því sem gerist eftir stúdentspróf þá má líkja því við daginn þegar þið komuð hér fyrst og fóruð um gangana leitandi að réttu hurðinni. Nú lokast okkar dyr að vissu leyti en það taka við nýir rangalar, nýjar dyr.

Þá skiptir máli að velja. Velja rétt? Ég veit ekki hvort það er alltaf hægt. Stundum eru þetta jafngildir valkostir og þegar á hólminn er komið þá verður maður að spila úr því sem maður hefur á hendi.

Ég hef oft gaman af því að finna skemmtilegar tilvitnanir. Mér finnst gaman að vitna í Einstein. Hann á að hafa sagt: *að við leysum ekki flókin vandamál samtímans með því að nota sömu kerfi og bjuggu þau til.* Þar var hann sammála Lincoln forseta sem sagði að kreddur fortíðar gætu ekki leyst verkefni framtíðarinnar.

Og það er máski vegarnesti mitt til ykkar. Í þessum undarlega heimi átaka milli öryggis og hryðjuverka veitir okkur ekki af því að efla eigin jafnvægi, jákvætt hugarfar og lausnarmiðaða hugsun. Þess vegna, m.a. held ég að Flensborgardagurinn 2015 hafi skipt miklu máli. Og það verður ykkar verkefni að standa vörð um þá veröld sem var samið um í París á dögnum.

Nú er valið ykkar. Veljið með hliðsjón af væntingum ykkar, þess sem hjartað segir ykkur og munið að við verðum aldrei fullnuma og þess vegna leitum við áfram að því sem bætir líf okkar, en ekki síður líf annarra. Það er gaman að breyta heiminum, krefjandi en gaman.

Farnist ykkur vel, kíkjið við og leyfið okkur, sem eftir sitjum, að heyra af ykkur.

Framtíðina eigið þið. Vegurinn sem þið farið er ykkar vegur. Hann getið þið gengið með öðrum en aðrir ganga hann ekki fyrir ykkur.

Ég segi skólaárinu 2014-2015 lokið.